



**SAMNINGUR MILLI ÍÞRÓTTAFÉLAGSINS ÞÓRS  
OG AKUREYRARBÆJAR UM  
UPPBYGGINGU GERVIGRASSVÆÐIS Á  
FÉLAGSSVÆÐI ÞÓRS**

## SAMNINGUR UM UPPBYGGINGU GERVIGRASSVÆÐIS Á FÉLAGSSVÆÐI ÞÓRS

Akureyrarbær, kt. 410169-6229 og Íþróttafélagið Þór (Þór), kt. 710269-2469 gera með sér eftirfarandi samning um uppbyggingu gervigrassvæðis til keppni og æfinga í knattspyrnu á Félagssvæði Þórs.

### 1. gr. Verkefnið

Með samningi þessum er samið um:

- **Uppbyggingu gervigrassvæðis** sem verður um 155 metrar x 80 metrar á stærð á Félagssvæði Þórs, sjá fylgiskjal 1. Gervigrassvæðið skiptast í tvo hluta;
  - a. **Knattspyrnuvöll í fullri stærð**
  - b. **Æfingasvæði**
- Frágangur á lóð s.s. umhverfis gervigrassvæðið og girðingu við suður- og norðurenda gervigrassins.

Í fylgiskjali 1 er teikning sem sýnir skipulag gervigrassvæðisins á félagssvæðinu.

Akureyrarbær mun hafa umsjón með framkvæmdum og kosta þær samkvæmt þessum samningi. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) mun hafa umsjón með framkvæmdum samningsins fyrir hönd bæjarins. Fulltrúar Þórs munu eiga sæti í vinnuhópi um hönnun og framkvæmd sem UMSA heldur utan um.

### Knattspyrnuvöllur

Nyrst á gervigrassvæðið skal lagður upphitaður knattspyrnuvöllur í fullri stærð, 105 x 68 m ásamt öryggissvæðum, 500 lux flóðlýsingu og búnaði. Völlurinn skal vera með kerfi og lagnir (úðakerfi) til að hægt verði að bleyta völinn. Stoðveggur verður settur við norðurenda gervigrassvæðisins, við göngustíginn við Bogann. Eins verði metin þörf og ávinningur af vindbrjót samhliða vinnu við hönnun á stoðvegg og tekin ákvörðun um framkvæmd þegar mat á kostnaði liggur fyrir.

## **Æfingasvæði**

Í beinu framhaldi af knattspyrnuvellingum, syðst á gervigrassvæðið, verður lagt upphitað æfingasvæði með 300 lux flóðslýsingu og búnaði. Æfingasvæðið skal tengjast knattspyrnuvellingum með órofnu gervigrasi. Æfingasvæðið verður um 35 m x 80 m (mælt frá enda öryggissvæðis knattspyrnuvallarins).

## **Girðingar og frágangur svæðis**

Samhliða uppbyggingu gervigrassvæðisins og eftir því sem verkefnum vindur áfram þarf að fara í frágang á svæðinu umhverfis gervigrassvæðið og girðingu til að afmarka gervigrassvæðið til norðurs og suðurs.

### **2. gr.**

#### **Framkvæmdakostnaður og tímaáætlun**

Kostnaður vegna framkvæmda við gervigrassvæðið er áætlaður samkvæmt frumkostnaðaráætlun frá Þór um kr. 697.000.000 miðað við verðlag í maí 2024, sjá fylgiskjal 2. Kostnaður við girðingar hefur ekki verið metinn.

Framkvæmdir hefjast haustið 2024 með jarðvegsskiptum. Áætluð verklok eru júní 2025.

### **3. gr.**

#### **Kostnaður og eignarhald**

Mannvirkin sem þessi samningur nær yfir verða eign Akureyrarbæjar að framkvæmdum loknum. Um rekstur mannvirkjana munu aðilar gera með sér rekstrarsamning líkt og er í gildi um önnur mannvirki sem Þór nýtir nú þegar framkvæmdum er lokið.

Fjárframlög Akureyrarbæjar til framkvæmdanna eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs. Fari kostnaður verulega fram úr áætlun munu framkvæmdir við verkefnið teygjast yfir lengri tíma, með því skilyrði að framlög séu á fjárhagsáætlun/framkvæmdaáætlun. Verði verulegar breytingar á verðlagi og vinnuumhverfi verður samningurinn endurskoðaður.

#### 4. gr.

### Fylgiskjöl með samningi

Með samkomulagi þessu eru tvö fylgiskjöl sem eru óaðskiljanlegur hluti þessa samkomulags:

- Fylgiskjal nr. 1 – Yfirlitsmynd af Félagssvæði Þórs sem sýnir skipulag gervigrassvæðisins.
- Fylgiskjal nr. 2 – Kostnaðaráætlun og verkþættir

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.

#### 5. gr

### Önnur ákvæði

Akureyrarbær áskilur sér rétt til að gera einhliða breytingar á samningi þessum ef upp koma aðstæður eða ófyrirsjáanleg atvik sem hafa veruleg áhrif á framkvæmdarfé og rekstur Akureyrarbæjar, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Mál sem upp kunna að koma út af samningi þessum, skal reka fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Akureyri 21. júní 2024

Fh. Íþróttafélagsins Þórs

Fh. Akureyrarbæjar

Nói Björnsson formaður

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri


Vottur:

Vottur:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

# Fylgiskjal nr. 1 – Yfirlitsmynd af Félagssvæði Þórs sem sýnir skipulag gervigrassvæðisins.



## Fylgiskjal 2 – Frumkostnaðaráætlun og verkþættir

<b>Gervigrassvæði (155m x 80m) á Ásinn á Félagssvæði Þórs</b>	<b>KR.</b>
Hitakerfi jöfnun og yfirborð	219.640.000
Lýsing á keppnisvöll(500 lux og æfingasvæði (300 lux)	100.000.000
Gervigras (155m x 80m)	148.580.000
Jarðvegsskipti - 1m fylling + 1m farg (155m*80m)	100.000.000
Stofnlagnir hita og vökvun	25.840.000
Stoðveggur	25.000.000
Hönnun og eftirlit	20.000.000
Frágangur og aukaverk	58.140.000
<b>Áætlaður heildarkostnaður</b>	<b>697.200.000</b>